# Laugardagur 26. ágúst

## SJÓNVARPIÐ

16.00 **Íþróttaþátturinn.** Sýndar eru svipmyndir frá íþróttaviðburðum vikunnar og fjallað um Íslandsmótið í knattspyrnu.
18.00 **Dvergaríkið (10)** (La Llamada de los Gnomos). Spænskur teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Þýðandi Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
18.25 **Bangsi bestaskinn** (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Leikraddir Örn Árnason.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Háskaslóðir** (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.30 **Hringsjá.** Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.
20.20 **Ærslabelgir** (Comedy Capers – Junior Partner). – Sonur húsbóndans – Stutt mynd frá tímum þöglu myndanna með Charlie Chase.
20.35 **Lottó** framhald
20.40 **Réttan á röngunni.** Gestaþraut í sjónvarpssal. Í þessum þætti mætast keppendur frá Borgarbókasafninu og Krabbameinsfélaginu í undanúrslitum. Umsjón Elísabet B. Þórisdóttir. Stjórn upptöku Þór Elís Pálsson.
21.10 **Gleraugnaglámurinn** (Clarence). Nýr breskur gamanmyndaflokkur með Ronnie Barker í aðalhlutverki. Clarence er nærsýnn og seinheppinn flutningabílstjóri sem rekst oft illilega á hluti, en þegar hann rekst á hina fögru þjónustustúlku Jane Travis ætlar hann varla að trúa sínum eigin gleraugum. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
21.40 **Hlaupagikkur** (Il Ragazzo di Calabria). Ítölsk bíómynd frá 1985. Leikstjóri Luigi Comencini. Aðalhlutverk Gian Maria Volonté, Diego Abatantuono, Therese Liotard og Santo Polimeno. Mimi er 13 ára ítalskur drengur sem hefur ánægju af að hlaupa úti í náttúrunni. Faðir hans vill að pilturinn stundi námið betur og bannar honum að hlaupa en fyrir Mimi eru hlaupin orðin ástríða svo hann notar hvert tækifæri sem gefst til að spretta úr spori. Þýðandi Þuríður Magnúsdóttir.
23.25 **Morðið í bílageymslunni** (Inspector Morse – The secret of Bay 5B). Bresk sjónvarpsmynd með John Thaw í aðalhlutverki. Morð er framið í bílageymslu og eina vísbending Morse lögregluforingja er dagbók og bílageymslumiði. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
1.10 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

9.00 **Með Beggu frænku.** Hæ krakkar, nú er ég komin til þess að vera með ykkur því það finnst mér óskaplega gaman. Myndirnar sem ég ætla að horfa á með ykkur í dag verða Óskaskógurinn, Lúlli tígrisdýr, Olla og félagar, Snorkarnir og Maja býfluga. Myndirnar eru allar með íslensku tali.
10.30 **Jógi.** Yogi's Treasure Hung. Teiknimynd.
10.50 **Hinir umbreyttu.** Teiknimynd.
11.15 **Fjölskyldusögur.** Leikin barna- og unglingamynd.
12.00 **Ljáðu mér eyra...** Við endursýnum þennan vinsæla tónlistarþátt.
12.25 **Lagt í'ann.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnu sunnudagskvöldi.
12.55 **Tónaflóð** Sound of Music. Vegna eindreginna óska áskrifenda okkar ætlum við nú að sýna aftur þessa mynd: Aðalhlutverk: Julie Andrews og Christopher Plummer.
15.00 **Borg við bugðu fljótsins.** Stadt an die Biegung. Á bökkum árinnar Kongó, eða Zaire eins og hún er einnig nefnd í dag, er bær sem nefndur var Stanleyville á dögum arabískra þrælasala, verslun og vöruskipti blómstruðu og Belgar byggðu þar síðar nýlenduhallir sínar. Þetta var fyrir um það bil hundrað árum. Þegar sjálfstæði var fengið varð bærinn að vígvelli trúboða, farandhermanna, óprúttinna kaupmangara og annars ófagnaðar.
16.30 **Myndrokk.**
15.00 **Íþróttir á laugardegi.** Meðal annars verður litið yfir íþróttir helgarinnar, úrslit dagsins kynnt, o.fl. skemmtilegt. Umsjón Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason.

19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
20.00 **Líf í tuskunum.** Rags to Riches. Einstaklega vel gerður þáttur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Joseph Bologna, Bridgette Michele, Kimiko Gelman, Heidi Zeigler, Blanca DeGarr og Tisha Campbell.
20.55 **O'Hara.** Litli, snarpi lögregluþjóninn og gæðablóðin hans koma mönnum í hendur réttvísinnar þrátt fyrir sérstakar aðfarir. Aðalhlutverk: Pat Morita, Kevin Conroy Jack Wallace, Catherine Keenere og Richard Yniguez.
21.45 **Glæpahverfið** Fort Apache, the Bronx. Paul Newman er í hlutverki harðsnúins lögreglumanns sem fer sínar eigin leiðir. Í umdæmi hans eru glæpir og vændi daglegt braut. Nýi yfirmaðurinn hyggst innleiða nýja starfshætti meðal undirmanna sinna, sem leiðir til deilna jafnt á lögreglustöðinni sem úti á götum. Stranglega bönnuð börnum. Aukasýning 10. október.
23.50 **Heimsbikarmótið í skák.** Páll Magnússon, fréttastjóri Stöðvar 2, sér um daglegar sjónvarpsútsendingar frá mótinu sem fram fer í Skellefta í Svíþjóð.
00.10 **Herskyldan.** Nam, Tour of Duty. Spennuþáttaröð um herflokk í Víetnam. Aðalhlutverk: Terence Knox, Stephen Caffrey, Joshua Maurer og Ramon Franco.
01.00 **Frostrósir.** An Early Frost. Þessi mynd sýnir á afdrifaríkan hátt viðbrögð venjulegrar fjölskyldu þegar sonurinn á heimilinu tjáir þeim að hann sé hommi og sennilega með hin ógnvekjandi sjúkdóm, alnæmi. Aðalhlutverk: Gena Rowlands, Aidan Quinn, Ben Gazzara og Silvia Sidney. Stranglega bönnuð börnum.
02.40 **Dagskrárlok**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Jón Bjarman flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Góðan dag,** góðir hlustendur. Pétur Pétursson sér um þáttinn. Fréttir á ensku kl. 7.30. Fréttir sagðar kl. 8.00, þá lesin dagskrá og veðurfregnir sagðar kl. 8.15. Að þeim loknum heldur Pétur Pétursson áfram að kynna morgunlögin.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.05 **Litli barnatíminn á laugardegi:** Laxabörnin eftir R.N. Stewart. Þýðing: Eyjólfur Eyjólfsson. Irpa Sjöfn Gestsdóttir les (4). Einnig mun Hrafnhildur veiðikló koma í heimsókn og segja frá. Umsjón: Gunnvör Braga.
9.20 **Sígildir morguntónar.** Forbes Robinson , Robert Tear og Benjamin Luxon syngja ensk og amerísk sönglög. (Af hljómplötu.) 9.35 **Hlustendaþjónustan.** Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Útvarps og Sjónvarps.
9.45 **Innlent fréttayfirlit vikunnar.**
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Fólkið í Þingholtunum –** Lokaþáttur. Fjölskyldumynd eftir Ingibjörgu Hjartardóttur og Sigrúnu Óskarsdóttur. Flytjendur: Anna Kristín Arngrímsdóttir, Arnar Jónsson, Halldór Björnsson og Þórdís Arnljótsdóttir. Stjórnandi: Jónas Jónasson.
11.00 **Tilkynningar.**
11.05 **Í liðinni viku.** Umsjón: Erna Indriðadóttir. (Frá Akureyri)
12.00 **Tilkynningar.** Dagskrá.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.00 **Hér og nú.** Fréttaþáttur í vikulokin. Tilkynningar.
13.30 **Á þjóðvegi eitt.** Sumarþáttur með fróðlegu ívafi. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir og Ómar Valdimarsson.
15.00 **Þetta vil ég heyra.** Leikmaður velur tónlist að sínu skapi.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Sumarferðir Barnaútvarpsins –** Í Árbæ. Umsjón: Sigríður Arnardóttir.
17.00 **Leikandi létt.** Ólafur Gaukur spilar plötur og rabbar um þekkt tónlistarfólk, í þetta sinn Richard Rodgers.
18.00 **Af lífi og sál –** Bridds. Erla B. Skúladóttir ræðir við Ragnar Halldórsson og Dollý Magnúsdóttur um sameiginlegt áhugamál þeirra. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Ábætir.**
20.00 **Sagan:** Búrið eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur. Höfundur les (3).
20.30 **Vísur og þjóðlög.**
21.00 **Slegið á léttari strengi.** Inga Rósa Þórðardóttir tekur á móti gestum. (Frá Egilsstöðum)
21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** Kristinn Sigmundsson syngur ásamt Karlakórnum Fóstbræðrum íslensk og erlend lög. (Af hljómplötum.)
22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Dansað með harmoníkuunnendum.** Saumastofudansleikur í Útvarpshúsinu. (Áður útvarpað sl. vetur.) Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
23.00 **Dansað í dögginni.** – Sigríður Guðnadóttir. (Frá Akureyri)
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Svolítið af og um tónlist undir svefninn.** Jón Örn Marinósson kynnir.
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

8.10 **Á nýjum degi** með Pétri Grétarssyni.
10.03 **Nú er lag.** Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Útvarps og Sjónvarps.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Kæru landsmenn.** Íþróttafréttamenn fylgjast með seinni hálfleik í leik ÍA og ÍBK í 1. deild Íslandsmótsins í knattspyrnu. Berglind Björk Jónasdóttir og Ingólfur Margeirsson.
17.00 **Fyrirmyndarfólk.** lítur inn hjá Lísu Pálsdóttur, að þessu sinni Mörður Árnason.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Síbyljan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Einnig útvarpað nk. föstudagskvöld á sama tíma.)
0.10 **Út á lífið.** Þorsteinn J. Vilhjálmsson ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

2.00 **Fréttir.**
2.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Jóhannes Má Gunnarsson matráðsmann sem velur eftirlætislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á Rás 1.)
3.00 **Næturrokk.** Fréttir kl. 4.00.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.35 **Næturnótur.**
5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
6.01 **Úr gömlum belgjum.**
7.00 **Morgunpopp.**
7.30 **Fréttir á ensku.**

## FM 98,9 BYLGJAN

9.00 **Pétur Steinn Guðmundsson.** Athyglisverðir og vel unnir þættir um allt milli himins og jarðar, viðtöl við merkilegt fólk sem vert er að hlusta á.
13.00 **Íþróttadeildin** með nýjustu frétir úr sportinu.
16.00 **Páll Þorsteinsson.** Nýjustu sveitalögin frá Bandaríkjunum leikin og eflaust heyrast þessi sígildu líka með.
18.00 **Ómannað ennþá.**
22.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson.** Strákurinn er búinn að dusta rykið af bestu diskósmellum síðustu ára og spilar þau ásamt því að skila kveðjum til hlustenda. Síminn 61-11-11.
3.00 **Næturvakt Bylgjunnar.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

9.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson. Fjör við fóninn.** Nú er mál að linni. Það er ekki aftur snúið þegar **Siggi** byrjar. Brjálæðislega hress lög og alls kyns uppátæki. Ertu að bóna bílinn eða ryksuga íbúðina? Ef svo er spilar **Siggi Hlöðvers** réttu rónlistina sem þú vilt heyra.
13.00 **Kristófer Helgason.** Nú ættu allir að vera í góðu skapi og um að gera að biðja um uppáhaldslagið sitt eða senda afmæliskveðju. Það er ýmislegt í gangi hjá **Kristó.** Síminn beint inn til **Kristófers** er **681900.**
18.00 **Snorri Sturluson.** Ætlarðu út á lífið í kvöld? Ef svo er kemstu í rétta skapið því öll vinsælustu danslögin heyrirðu hjá Snorra.
22.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson** mættur á næturvaktina með allt á hreinu. **Haffi** flytur klístraðar kveðjur milli hlustenda og fær sjálfur að eiga 3% af öllum kveðjum. Síminn **611111.**
3.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

10.00 **Plötusafnið mitt** Steinar Viktorsson.
12.00 **Miðbæjarsveifla.** Útvarp Rót kannar mannlífið í miðbæ Reykjavíkur og leikur fjölbreytta tónlist að vanda.
15.00 **Af vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil.
17.00 **Um Rómönsku Ameríku.** Mið-Ameríkunefndin.
18.00 **Upp og ofan.** Halldór Carlsson.
19.00 **Flogið stjórnlaust.** Darri Ásbjarnarson.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjón Árna Freys og Inga.
21.00 **Síbyljan** með Jóhannesi K. Kristjánssyni.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt** með Arnari Þór Magnússyni.

7.00 **Felix Bergsson.**
12.00 **Steinunn Halldórs.**
15.00 **Á laugardegi.** Stefán Baxter og Nökkvi Svavarsson.
18.00 **Kiddi Bigfoot. „Partí – ball."**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
3.00 **Nökkvi Svavarsson.**

## SKY CHANNEL

5.00 **Poppþáttur.**
6.00 **Gríniðjan.** Barnaþættir.
10.00 **Íþróttaþáttur.**
11.00 **Fjölbragðaglíma.**
12.00 **Mysterious Two** Kvikmynd.
14.00 **Veröld Franks Bough.** Heimildarmyndaflokkur.
15.00 **50 vinsælustu lögin.**
16.00 **Lítil kraftaverk.** Gamanþáttur.
16.30 **The Bionic Woman.** Spennumyndaflokkur.
17.30 **Those Amazing Animals.** Dýralífsþáttur.
18.30 The Love Boat. Gamanmyndaflokkur.
19.30 **Soldier of Fortune.** Kvikmynd.
21.30 **Fjölbragðaglíma.**
22.30 **Poppþáttur.**

## SKY MOVIES

13.00 **Mame.**
15.15 **Journey Back to Oz.**
17.00 **A Little Romance.**
19.00 **A Whale for the Killing – Part 1.**
21.00 **Head Office.**
23.00 **Hamburger Hill.**
00.50 **The Swarm.**
03.00 **Head Office.**

## EUROSPORT

9.30 **Snóker.** Frá Heimsmeistarakeppninni í Sheffield.
10.30 **Hafnabolti.** Leikir úr amerísku deildinni.
11.30 **Frjálsar íþróttir.** Unglingameistaramót Evrópu.
12.30 **Frjálsar íþróttir.** Stigamót í Brussels.
14.30 **Rugby.** Ástralska deildin.
15.30 **Íþróttakynning Eurosport.**
16.00 **Hjólreiðar.** Stórmót í Frakklandi.
17.00 **Golf.** Opna þýska meistaramótið.
18.00 **Frjálsar íþróttir.** Unglingameistaramót Evrópu.
19.00 **Trans World Sport.** Fréttatengdur íþróttaþáttur.
20.00 **Frjálsar íþróttir.** Unglingameistaramót Evrópu.
21.00 **Hjólreiðar.** Stórmót í Frakklandi.
22.00 **Kappakstur.**

## SUPER CHANNEL

5.00 **Teiknimyndir.**
9.00 **Tónlist og tíska.**
10.00 **Tourist Magazine.** Ferðaþáttur.
10.30 **Tónlist og tíska.**
11.00 **Hollywood Insider.**
11.30 **Tónlist og tíska.**
12.00 **Flame Trees of Thika.**
13.00 **Carry on Laughing and the Goodies.**
14.00 **Wanted Dead or Alive.** Vestrasería.
14.30 **Tónlist og tíska.**
15.00 **Dick Turpin.** Ævintýramynd.
15.30 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
16.30 **Íþróttir.**
17.30 **Tískuþáttur.**
18.00 **Abe Lincoln.** Kvikmynd.
20.00 **TBA.**
20.55 **Roving Report.** Fréttaskýringaþáttur.
21.25 **One Dark Night.** Kvikmynd.

### Sjónvarp kl. 21.40:

# Hlaupagikkur

Ítalska kvikmyndin Hlaupagikkur gerist á sjöunda áratugnum og fjallar um 13 ára gamlan dreng, Mimi, sem hefur yndi af að hlaupa. „Þegar ég hleyp dreymir mig," segir hann. Hann notar hvert tækifæri til að hlaupa úti í guðsgrænni náttúrunni. Faðir hans er mikið á móti þessari hlaupaástríðu, vill að hann noti tíma sinn til að læra eitthvað gagnlegt. Eftir því sem áhugi Mimi á langhlaupi eykst verður mótstaða föðurins sterkari. Í stað þess að fara með skólabílnum í skólann á morgnana hleypur Mimi alltaf.

Eftir þessu tekur vagnstjórinn Felice sem hrífst af drengnumm og byrjar að þjálfa hann....

Aðalhlutverkið, Mimi, leikur óþekktur leikari,



**Mimi notar hvert tækifæri, sem hann getur, til að hlaupa. Hér er hann fremstur þótt hlaupabúninginn vanti.**

Santo Polimeno. Vagnstjórann og þjálfara hans, Felice, leikur aftur á móti einn þekktasti og virtasti leikari Ítala, Gian Maria Volonté.

### Sjónvarp kl.23.25:

# Morðið í bílageymslunni

Morse lögregluforingi er enn á ný í leit að morðingja í Morðið í bílageymslunni. Þessi ágæti lögregluforingi sem hlustar á klassíska tónlist í frístundum og þjáist af magaverkjum er þrátt fyrir önuglyndið skemmtileg persóna og á orðið marga aðdáendur. Og hefur mátt setja gæðastimpil á allar myndirnar sem hafa verið sýndar með honum.

Eins og í fyrri myndum gerist sagan í Oxford. Morse er kallaður að bílageymslu þar sem morð hefur verið framið. Einu ábendingarnar sem Morse hefur í höndum er dagbók og kvittun fyrir bílastæði.

Í fyrstu virðist vera um hinn klassíska þríhyrning að ræða, afbrýðisamur eiginmaður, ótrú eiginkona og léttlyndur arkitekt, en Morse er ekki ánægður með hvað allt lítur út fyrir að vera einfalt.

-HK



**Glæpahverfið fjallar um lögreglumenn sem starfa í hverfi þar sem götuóeirðir, morð og eiturlyfjaneysla eru daglegir viðburðir.**

### Stöð 2 kl. 21.45:

# Glæpahverfið

Í Glæpahverfið (Fort Apache, the Bronx) leikur Paul Newman lögreglumanninn Murphy sem fer sínar eigin leiðir. Hann hefur sér til aðstoðar Corelli (Ken Wahl). Saman eru þeir í stanslausu stríði við eiturlyfjaneytendur, mellur, brjálæðinga og morðingja í hverfi þar sem lögmál frumskógarins eru við lýði.

Þegar gleðikona ein myrðir tvo lögreglumenn vill nýlegur lögreglustjóri hverfisins beita hefðbundnum aðferðum við rannsókn málsins. Hinir reynslumiklu lögreglumenn hverfisins vita að það gengur ekki og eins og Murphy segir fyrir um logar brátt allt hverfið í óeirðum.

### Rás 1 kl. 16.20:

# Sumarferðir barnaútvarpsins

Í sumar hefur barnaútvarpið farið í sumarferðir á laugardögum. Síðastliðinn laugardag bar þátturinn yfirskriftina: Reykvíkingar, leitið ekki langt yfir skammt. Farið var í sumarferð út í Viðey.

Þátturinn í dag ber sömu yfirskrift nema hvað nú er ferðinni heitið í Árbæjarsafn. Þar er margt að skoða og mikið um að vera þennan laugardag í safninu. Hvernig voru leikföngin og barnafötin í gamla daga? Hvernig bjó betur stætt fólk, eða þeir efnaminni? Við þessu og ýmsu fleiru fást svör hjá þeim börnum sem fara í sumarferð upp í Árbæjarsafn í dag kl. 16.20 í fylgd Sigríðar Árnadóttur.